

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Stykkishólmsbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar við reit Ff, Laufásveg nr. 17.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms þann 10. júlí 2008, óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felst í að lögun á byggingarreit á lóð, er breytt og hann stækkaður. Einnig verður heimilt að byggja kjallara undir húsinu til að nýta landhallann.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 28. júlí 2008.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2008